

A 1723/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um:

Þingmannatillögu um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar úrslita**Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún taki ákvörðun um að styðja í öllum meginatriðum áform ólympíunefnda og íþróttasambanda landanna um að Norðurlönd verði fyrsta svæði heims sem kemur á fót kerfi um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar úrslita í íþróttakappleikjum alls staðar á Norðurlöndum.

Bakgrunnur

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún taki ákvörðun um að styðja í öllum meginatriðum áform ólympíunefnda og íþróttasambanda landanna um að Norðurlönd verði fyrsta svæði heims sem kemur á fót kerfi um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar úrslita í íþróttakappleikjum alls staðar á Norðurlöndum.

Álit nefndarinnar

Refsiaðgerðum gegn íþróttaiðkendum af báðum kynjum sem hafa tekið þátt í hagræðingu úrslita verður sem stendur aðeins beitt innan lögsögu þeirrar stofnunar sem er bær til að grípa til þeirra. Leikmaður sem hefur tekið þátt í hagræðingu úrslita getur því flutt til annars lands og haldið áfram að iðka íþróttir. Til að mynda getur knattspyrnumaður í Kaupmannahöfn, sem er bannað að leika í Danmörku vegna hlutdeildar í hagræðingu úrslita, flutt til Svíþjóðar og leikið fyrir sænskt félag.

Á ákveðnum sviðum hefur þó verið ákveðið að alvarleg brot hafi slíkar afleiðingar að nauðsynlegt sé að grípa til alþjóðlegra lausna. Þetta á við um íþróttaiðkendur sem hafa misnotað lyf en í slíkum tilvikum hefur verið komið á fót alþjóðlegu kerfi um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum milli landa, ólympíunefnda einstakra landa og íþróttasambanda.



Norrænu íþróttasamböndin eru sammála um að hagræðing úrslita sé með alvarlegustu ógnum sem steðja að íþróttum og að mikil þörf sé á gagnkvæmri viðurkenningu á refsiaðgerðum. Ólympíunefndir og íþróttasambönd landanna vinna náið saman um reglur sem eiga að gilda alls staðar á Norðurlöndum og um stuðning við innleiðingu kerfa og reglna í löndunum sjálfum. Norrænu íþróttasamböndin vilja nú vísa veginn og verða fyrst í heimi til að koma á laggirnar sameiginlegu kerfi margra landa um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar leikjaúrslita og nái það um öll Norðurlönd.

Þar sem ólympíunefndir og íþróttasambönd landanna hafa sett sér eigin reglur um mál sem varða hagræðingu úrslita er nauðsynlegt að myndaður verði starfshópur með fulltrúum ólympíunefnda og íþróttasambanda landanna og honum falið að gera tillögu um gerð þess konar kerfis. Semja ber tillöguna með hliðsjón af löggjöf norrænu landanna og reglum ólympíunefnda þeirra og íþróttasambanda og með vernd persónuréttinda íþróttaiðkenda í huga.

Akureyri, 10. apríl 2018

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)
Annette Lind (S)
Aron Emilsson (SD)
Brigitte Klinskov Jerkel (KF)
Eva Sonidsson (S)
Johanna Karimäki (grænum)
Jorodd Asphjell (A)
Lars-Arne Staxäng (M)

Logi Einarsson (Sf)
Marianne Synnes (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Paavo Arhinmäki (vinstri)
Peter Johnsson (S)
Peter Östman (kd)
Thorhild Bransdal (KrF)